



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar
á Íslandskortum í
Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni
16. september 2000**

Virðulegir sýningargestir

Við Íslendingar höfum löngum ræktað þá sjálfsmynd sem sótt er í fornar sögur, skáldverk og ljóð og með sjálfstæðisbaráttu okkar og fullveldi varð þessi arfur megin stoð í málflutningi hinnar nýfrjálsu þjóðar.

Það var ekki fyrr en á síðari áratugum af áhugi okkar efldist á að skoða og gaumgæfa þá mynd sem aðrir gerðu sér af landi okkar og þjóð, hvernig eyjunni í útnorðri var lýst í máli og myndum, hvernig sá heimur þekkingar og túlkunar sem helgaði sig gerð landakorta leit á hið sérkennilega land elds og ísa.

Við höfum í reynd fundið í þeim kortum sem fyrr á öldum voru gerð af Íslandi víða um lönd einstæðan fjársjóð sem smátt og smátt hefur hlotið sérstakan sess í þeirri nýju sýn sem við höfum nú öðlast á landi okkar og sögu.

Lögun landsins, kunnátta á kennileitum, landslagi og staðarnöfnum, samspil náttúruundra og dulúðar, ævintýraheimur dýra og furðuvera, fjallgarðar og firðir, hvers var getið og hverju var sleppt, áherslupættir og þungamiðja – allt gefur þetta okkur ómetanlegan fróðleik um hve víðtæk var í raun og veru þekking annarra þjóða á landi okkar, einkum á þeim öldum sem hafa verið í skugga áþjánar og erfiðleika og íslenskir fræðimenn kannski ekki enn sinnt sem skildi.

Við opnun þessara fróðlegu og skemmtilegu sýninga vil ég heiðra þá frumkvöðla íslenskra sem gerðu söfnun gamalla korta og greiningu á þeim að virtu viðfangsefni íslenskra fræða.

Ég minnst þess þegar ég ungur var að vinna að efnissöfnun í doktorsritgerð mína á gamla Landsbókasafninu við Hverfisgötu hve oft ég fylgdist með öðlingnum Haraldi Sigurðssyni vinna að kortasögu Íslands, öndvegisriti sem um aldir mun teljast til höfuðverka í þjóðfræðum Íslendinga.

Í rökkriinu sat hann vetrarlangt og birtan frá þerunni á miðborði hins virðulega lestrarsalar varpaði ljósi á þá undraveröld sem kortin lýstu og við hinir ungu sem þó vorum á öðrum fræðaslóðum fengum að njóta frásagnar hans og gjörhygli.

Það hefði verið Haraldi Sigurðssyni mikil gleði að fagna með okkur því alþjóðlega málþingi sem hér hófst í dag og við minnumst hans og annarra frumherja í íslenskum kortafræðum með einstakri virðingu og þökk.

Þeir eru margir sem á síðari árum hafa lagt gjörva hönd á kortasöfnun og mikill fengur var það íslenskri þjóð þegar Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn eignaðist hið einstæða kortasafn Kjartans Gunnarssonar lyfsala og safnið gat með því og öðrum góðum kortagripum sýnt þessum merka þætti í þjóðarsögu okkar Íslendinga þann sóma sem ber. Vonandi gefast stofnuninni í framtíðinni bæði mannaflí og fjármundir til að efla enn frekar þennan merka þátt í varðveislu okkar þjóðarminja.

Í tilefni alþjóðalegrar ráðstefnu í kortafræðum veitist mér sá heiður að opna hér í dag tvær sýningar, annars vegar á fornum íslenskum kortum og hins vegar á einstæðum verkum kortagerðarmannsins Samúels Eggertssonar sem á fyrstu áratugum tuttugustu aldar veitti okkur nýja sýn á sögu Íslands. Hann klæddi landnám og siglingar, tengsl þjóðveldis og héraða nýjum búningi með því að setja á sérstök kort margbrotna sögu sem forfeður okkar, hinir miklu snillingar orðsins og Íslendingasagna þurftu að lýsa í mörgum bindum og flókinni frásögn sem skráð var á skinn.

Samúel orðaði sjálfur ætlunarverk sitt á hnitmiðaðan hátt þegar hann lýsti tilurð eins af sínum bestu kortum: „Nöfn, ættir, uppruni, bólfesta, afrek og afkomendur flestra landnámsmanna, eru að meiru eða minna leyti rakin í hinni einstæðu Landnámabók og mörgum öðrum fornsögum vorum, er hvergi eiga sinn líka. Ég álít því heilaga skyldu sérhvers

Íslendinga að kynna sér sem best þessi rit voru, sem er grundvöllur allrar vorrar sögu. Enginn kennari getur gengið fram hjá því, að skýra sem best sögu vora og því leyfi ég mér að skrá hér þessa upptalningu, ef ské kynni að hún gæti orðið öðrum til hvatningar og leiðbeiningar í þessum merkilegu fræðum. Aðalþátturinn í viðhaldi og framþróun hins íslenska ríkis á Þjóðveldistímanum voru siglingar forfeðra vorra. Með utanferðunum öfluðu þeir sér fjár og frama og miðluðu með áhrifum sínum, er heim kom, þjóðinni ýmiskonar menningu og sjálfstæði. Skólar og bókmennir, ritmennska, íþróttir, skáldskapur, viðskiftalíf, og margskonar búnaðarframkvæmdir lifnaði, glæddist og hélst við, meðan vér héldum sjálfstæðinu, en þverr smátt og smátt úr því og kulnaði út með lokum 14. aldar. Titilblaðskortið í ritinu sýnir hnattstöðu Íslands og rauðu línurnar út frá því leiðir Íslendinga á Þjóðveldistímanum og fram á miðaldir. Leiðir Eiríks rauða til Grænlands og Leifs heppna til Vínlands hins góða, svo og ferðir biskupa vorra og ýmsra annarra stórmenna suður um öll lönd, sem þá voru þekkt, allt til Rómaborgar og Jórsalalands".

Þessi texti Samúels Eggertssonar sýnir vel hvernig sú sjálfsmýnd þjóðarinnar sem um aldir var henni hvatning til dáða og síðan kjarninn í sjálfstæðisbaráttu nítjándu aldar og ég vék að í upphafi máls míns hér í dag varð á fyrri hluta tuttugustu aldar hinum merka kortagerðarmanni Samúel Eggertssyni innblástur til að skapa hin einstæðu verk sem við sjáum hér í dag.

Samúel hlaut á sinni tíð lof og stuðning annarra fræðimanna sem einnig voru brautryðjendur í sínum greinum og voru náttúrufræðingarnir Þorvaldur Thorodsen og Bjarni Sæmundsson þar fremstir í flokki.

Samúel vann einnig við landmælingar og gerði skipulagskort af kaupstöðum, þorpum og mörgum náttúruminum, setti saman sögu Íslands með annálum, línuritum og kortum, gerði landslagsuppdrátt af Íslandi öllu og kom að fleiri verkum til eflingar þjóðfræði okkar Íslendinga, allt til að auka skilning á samhenginu í sögu lands og þjóðar.

Það er einstakt fagnaðarefni að fá hér í dag að líta verk Samúels Eggertssonar og sjá hve vel þau sóma sér með Íslandskortum frá fyrri tímum.

Ég bið góða gesti okkar frá öðrum löndum velkomna til þess málþings um kortagerð sem hér er haldið og vona að þeir njóti vel bæði góðra samræðna og fróðlegrar dvalar.

Með þessum orðum lýsi ég sýningarnar Forn Íslandskort og Kortagerðarmaðurinn Samúel Eggertsson formlega opnaðar.